

Samstarfssamningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Ungmennafélagsins Sindra

Sveitarfélagið Hornafjörður Hafnarbraut 27 og Ungmennafélagið Sindri og gera með sér eftirfarandi samstarfssamning:

I. Umfang og markmið samnings

Samningi þessum er ætlað að efla samstarf Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Ungmennafélagsins Sindra við að tryggja fjölbreytt og gott íþrótt- og forvarnastarf. Áhersla er lögð á mikilvægi þess öflugra starfs sem fer fram innan umf. Sindra fyrir samfélagið í heild. Umf. Sindri starfar í samræmi við stefnu Sveitarfélagsins í íþrótt-, æskulýðs- og tómstundamálum eins og hún er hverju sinni. Til þess að félagið geti ræktað hlutverk sitt styrkir Sveitarfélagið Hornafjörður félagið árlega með beinum og óbeinum fjárframlögum auk þess sem félagið tekur að sér tiltekin afmörkuð verkefni fyrir sveitarfélagið gegn greiðslu.

Samningsaðilar eru sammála um að vinna saman að eftirtöldum þáttum:

Meginmarkmið

- að bjóða upp á æfingar í fjölbreyttu vali íþróttagreina
- að auka gæði og fjölgja þátttakendum
- að efla samstarf við foreldra
- að vinna markvisst að jafnrétti m.a. með því að tryggja stúlkum og drengjum jöfn tækifæri til að stunda íþróttir
- að ná árangri í forvörnum varðandi notkun tóbaks og vímuefna, einelti og brottfalli úr íþróttum

Barna- og ungmennastarf

- að styðja við barna og ungmennastarf í sveitarfélaginu
- að vinna að samþættingu skóla, íþróttar, frístunda og lista á meðal grunnskólabarna
- að umf. Sindri taki mið af yngri flokka stefnu ÍSÍ og hvetji deildir sínar til að gerast fyrirmyndarfélag innan ÍSÍ
- á samningstímanum vinna samningsaðilar að þróun frístundaskóla
- að vinna gegn brottfalli ungmenna úr íþróttar- og félagsstarfi
- að rækta einstaklinginn og styrkja sjálfsmynd iðkenda með markvissum hætti
- að hafa samband við barnaverndarstarfsmann ef grunur er um ofbeldi eða vanrækslu gagnvart börnum



Starfsemi félagsins

- að félagið sýni fjárhagslega ábyrgð, góða fjármálastjórn og sjálfstæði í öllum störfum
- að vinna að innleiðingu skráningarkerfis, Nora eða sambærilegs kerfis, í samstarfi við Sveitarfélagið til að auðvelda tengingu við greiðslu tómsundastyrks. Kostnaður við uppsetningu og rekstur kerfisins er umf. Sindra að kostnaðarlausu.
- að þátttaka og framganga félagsins, iðkenda og félagsmanna sé ávallt til fyrirmyndar bæði umf. Sindra og sveitarfélaginu til sóma

Afreksíþróttir

- að umf. Sindri hafi á að skipa afreksmönnum á landsvísu
- að efla og styðja við starf meistaraflokka og afreksmanna
- að meistaraflokkar og afreksmenn verði yngri iðkendum góðar fyrirmyndir
- að starf meistaraflokka og afreksmanna skapi umf. Sindra og sveitarfélaginu jákvæða ímynd

II. Upplýsingaskylda Ungmennafélagsins Sindra og viðurlög

1. Stjórn Ungmennafélagsins Sindra ber ábyrgð á eftirliti og framkvæmd samningsins gagnvart deildum þess.
2. Stjórn umf. Sindra hefur yfirumsjón með öllum samskiptum félagsins við stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Öll erindi umf. Sindra til sveitarstjórnar skulu send fræðslustjóra rafrænt eða bréflega. Sveitarfélagið skal svara erindum formlega eins fljótt og kostur er.
3. Stjórn umf. Sindra skuldbindur sig til þess að skila ársskýrslu til Sveitarfélagsins Hornafjarðar í tengslum við aðalfund félagsins eigi síðar en 20. apríl ár hvert. Í skýrslunni skal aðgreina meistaraflokka frá barna- og unglingastarfi. Í skýrslunni skal m.a. koma fram:
 - a. Í hvaða verkefni framlögum var varið ásamt ársreikningi hvernar deildar. Fjárhagsuppgjör skal vera áritað af skoðunarmönnum umf. Sindra.
 - b. Fjöldi iðkenda deilda umf. Sindra
 - c. Greinargerð samkvæmt ákvæðum um mat á starfi íþróttafélaga sem fram koma í stefnu sveitarfélagsins í íþróttá- æskulýðs- og tómsundamálum frá 2012.
 - d. Starfsáætlun umf. Sindra fyrir árið og næsta starfsár
 - e. Samþykktar stefnur félagsins
4. Umf. Sindri skal fylgja því eftir að allir íþróttamenn innan félagsins hlíti þeim reglum sem Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan.



III. Afnot af íþróttamannvirkjum

Afnot af íþróttahúsum og sundlaug

1. Umf. Sindri hefur afnot af Bárunni, íþróttahúsi við Grunnskóla Hornafjarðar, við Mánagarð og sundlaug Hafnar ár hvert eftir að skólarnir hafa lokið kennslu í íþróttamannvirkjunum. Tímum er úthlutað til félagsins af forstöðumanni íþróttamannvirkja og skal tímafjöldi vera samkvæmt samkomulagi stjórnar umf. Sindra og sveitarfélagsins. Þessi tímafjöldi, utan tímar í Bárunni, bókfærast sem styrkur til umf. Sindra. Skipting afnota af íþróttahúsum og sundlaug milli íþróttagreina er ákvörðun stjórnar umf. Sindra.
2. Sveitarfélagið Hornafjörður getur fengið afnot af fyrrgreindum tímum umf. Sindra, enda sé það tilkynnt félaginu með hæfilegum fyrirvara. Þar er um að ræða skólamót, þorralót, þing og skylda starfsemi. Umf. Sindri hefur afnotarétt af íþróttahúsum í skólafríum og hugsanlega á öðrum frídögum og enn fremur vegna útiæfinga að vetrarlagi eftir aðstæðum.
3. Umf. Sindri hefur rétt til þess að setja upp auglýsingaspjöld á og við íþróttavelli í íþróttahúsi á Höfn og sundlaug. Hefur félagið allar tekjur af þeim óskiptar, enda ber það allan kostnað við gerð og uppsetningu, viðhald og niðurtöku spjaldanna. Hafa skal samráð við forstöðumann íþróttamannvirkja um uppsetningu auglýsingaspjalda.
4. Umf. Sindri hefur leyfi til veitingasölu, sölu aðgöngumiða og annarrar sölustarfsemi í tengslum við kappleiki og íþróttamót í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja. Félagið eða deildir þess greiða kostnað og útvega allt það sem til þarf vegna sölunnar.
5. Starfsfólk íþróttahúss og sundlaugar selur og innheimtir gjald í tíma Sindra og skráir mætingu í tímana.
6. Sunddeild Sindra fær afnot af sundlaug til sundæfinga eins og deildin getur nýtt hana á opnunartíma laugarinnar. Samráð skal haft við forstöðumann íþróttamannvirkja og sundlaugarverði um niðurröðun tíma. Sundmót þarf að tilkynna sundlaugarvörðum með góðum fyrirvara. Sunddeild leggur til starfsfólk í baðvörslu og önnur störf á sundmótum.
7. Í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja fær Ungmennafélagið Sindri afnot að sundlaug Sveitarfélagsins án endurgjalds við sérstök tilefni s.s. þegar haldin eru íþróttamót. Þessi styrkur er ígildi þriggja árskorta.



Ábyrgð þjálfara vegna iðkenda

1. Til að koma í veg fyrir einelti og til að halda uppi aga skal það vera meginregla að þjálfari mæti tímanlega fyrir æfingu til að fylgja sínum hópi til búningsklefa og skal þjálfari ávallt vera til staðar í eða við búningsklefa á meðan iðkendur hafa fataskipti. Með sama hætti skal þjálfari fylgjast með skjólstæðingum sínum að æfingu lokinni og hafa samráð við starfsmann íþróttamannvirkisins þurfi hann að yfirgefa mannvirknið, áður en allir iðkendur eru farnir út.

IV. Afnot af íþróttavöllum, aðstaða í íþróttahúsum og félagsaðstaða

1. Vallarstjórn fer með yfirstjórn Sindravalla. Í vallarstjórn eiga sæti fulltrúi frá umf. Sindra, forstöðumaður íþróttamannvirkja og tilnefndur fulltrúi tækni- og umhverfissviðs sveitarfélagsins. Vallarstjórn skal vera ráðgefandi um viðhald og rekstur vallanna og hefur eftirlit með framkvæmdinni. Vallarstjórn ákveður hvort og hvenær vellir eru í nothæfu ástandi til æfinga og keppni. Vallarstjórn hefur umsjón með íþróttahöldum sem tengjast æfingum og keppnum á Sindravöllum. Þurfi sveitarfélagið á íþróttavöllum að halda skal haft samráð við vallarstjórn með góðum fyrirvara. Rísi ágreiningur milli vallarstjórnar og íþróttafélaganna sker bæjarráð úr honum.
2. Umf. Sindri hefur æfinga- og keppnisaðstöðu á Sindravöllum til afnota og rekstrar, eftir því sem aðstæður leyfa, og skal eftirfarandi ákvæðum fylgt.
3. Um er að ræða aðalleikvang bæjarins á Sindravöllum sem afmarkast við girðingu umhverfis Sindravelli þ.e. æfingasvæði svo og áhorfendasvæði og göngusvæðið milli vallanna og íþróttahúss. Stefnt skal að því að aðalvöllur Sindravalla verði eingöngu notaður til keppni og þá þegar aðstæður leyfa. Að öðru leyti skal hafa samráð við forstöðumann íþróttamannvirkja um notkun á þeim. Umf. Sindri hefur afnot af íþróttahúsunum á Höfn og Mánagarði á æfingum, leikjum og vegna leikjanámskeiða/frístundaskóla. Umf. Sindri sér um að umgengni um íþróttahúsin séu til fyrirmyndar og ekki sé notað meira rými í húsunum en nauðsyn ber til.
4. Sveitarfélagið leggur umf. Sindra til húsnæði til skrifstofu- og félagsaðstöðu og greiðir af því fasteignagjöld og tryggingar. Umf. Sindri greiðir rekstur hússins að öðru leiti.
5. Fulltrúi stjórnar umf. Sindra er ábyrgur f.h. félagsins gagnvart sveitarfélaginu og er einnig tengiliður umf. Sindra við starfsmenn sveitarfélagsins og viðkomandi ábyrgðaraðila íþróttamannvirkja.
6. Fulltrúar samningsaðila skulu gera sérstaka úttekt á ástandi mannvirkja við upphaf og lok samningstímabils. Umf. Sindri skuldbindur sig til að skila sveitarfélaginu eignum aftur að samningstíma liðnum í sambærilegu ástandi og tekið var við þeim, að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar.

V. Viðhald og almenn atriði

1. Sveitarfélagið Hornafjörður annast daglegan rekstur fyrrgreindra svæða og sér um ruslatínglu og aðra umhirðu utan dyra sem innan. Umf Sindri sér um ruslatínglu í tengslum við mót og kappleiki sem er á þeirra vegum. Sveitarfélagið kostar allan slátt, rakstur, áburð, sand, grasfræ, þökur og annað slíkt sem nauðsynlegt er til að halda völlum í nothæfu ástandi.
2. Umf. Sindri ber óskerta ábyrgð á spjöllum sem kunna að verða á framantöldum íþróttamannvirkjum, nema þau teljist afleiðing venjulegrar notkunar eða þau stafi af atvikum sem félaginu eru óviðkomandi. Verði tjón á húsnæði og/eða munum skal það tafarlaust tilkynnt umsjónarmanni íþróttamannvirkja með formlegum hætti.
3. Tekjur sem myndast af kappleikjum og öðrum íþróttaviðburðum á vegum umf. Sindra á íþróttasvæðum Hornafjarðar skulu renna til félagsins, nema íþróttahreyfingin hafi sett aðrar reglur um tiltekna íþróttaviðburði.
4. Samningsaðilum er ljóst að reykingar, tóbaksnotkun, neysla áfengis eða annarra vímuefna er óheimil í íþróttamannvirkjum í eigu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Undantekningar eru þegar haldnir eru viðburðir á borð við þorablót, sjómanna dagshátíð eða aðra slíka stórviðburði.
5. Félagið skuldbindur sig til að sjá til þess að iðkendur, keppendur, þjálfarar og aðrir starfsmenn félagsins og/eða deilda gangi vel um og fari í einu og öllu að umgengisreglum íþróttamannvirkja á æfingum, mótum og öðrum viðburðum á vegum félagsins. Að loknu móti eða öðrum viðburðum skal ábyrgðarmaður móts/samkomu sjá til þess að allt húsnæðið og/eða svæðið sé hreinsað og grófþrifið.
6. Ástand leikvalla og álag skal metið á reglubundinn hátt af vallerstjórn.
7. Allt meiriháttar viðhald og endurbætur framangreindra mannvirkja skal unnið og kostað af sveitarfélaginu. Skal það gert í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja, tæknideild sveitarfélagsins og stjórn umf. Sindra.
8. Sveitarfélagið kostar kaup og endurnýjun íþróttahalda og útvegar á sinn kostnað varahluti til annars búnaðar, sem í notkun er í þágu framangreindra mannvirkja. viðbót: Fjárútlát umfram fjárheimildir til íþróttamála eru háðar samþykki bæjarráðs.
9. Verði Umf. Sindra úthlutað nýjum svæðum fyrir starfsemi sína á samningstímanum, gilda sömu reglur um rekstur þeirra og afnot, nema sérstaklega verði um annað samið.
10. Umf. Sindri skal skila vallerstjórn Sindravalla æfinga- og keppnisáætlun fyrir hvert sumar fyrir lok maí.

VI. Styrkir, fjárstuðningur og verkefni

Innan Ungmennafélagsins Sindra og í einstökum deildum er unnið öflugt sjálfbóðaliðsstarf og framlag sjálfbóðaliða ómetanlegt fyrir félagið, einstakar deildir og samfélagið allt. Vegna umfangsmikils starfs á vegum félagsins og einstakra deilda er nauðsynlegt fyrir félagið að fá styrk vegna reksturs þess og deilda.

Árlegt framlag sveitarfélagsins til Ungmennafélagsins Sindra er eftirfarandi:

• Almenn til rekstrar deilda félagsins	3.700.000 kr.
• Framlag til þróunar íþrótt- og æskulýðsstarfs	6.700.000 kr.
• Framlag vegna íþrótt- og frístundaskóla á Hornafirði	750.000 kr.
• Leiga á sundlaug til sunddeildar	150.000 kr.
• Sundkort	82.500 kr.
• Leiga á íþróttahúsum	3.540.000 kr.
• Leiga á skrifstofu- og félagsaðstöðu	840.000 kr.
• Framlag til viðburðahalds (17. júní)	400.000 kr.

Samtals	16.162.500 kr.
----------------	-----------------------

Sveitarfélagið greiðir árlegt framlag í tólf jöfnum greiðslum samkvæmt reikningum sem Ungmennafélagið Sindri gefur út mánaðarlega.

Greiðslutilhögun styrkja skal gerð í fullu samráði við fjármálastjóra. Gengið skal frá greiðslutilhögun áður en samningur fer til samþykktar.

Vegna þessara framlaga skuldbindur umf. Sindri sig til að hafa með höndum eftirtalin árleg verkefni:

1. Framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar til almenns rekstrar félagsins skal miðast við að styrkja rekstur einstakra deilda þess samkvæmt ákvörðun stjórnar þar um.
2. Framlag til rekstrar íþróttamála skal miða að því að styðja almennt við rekstur og uppbyggingu umf. Sindra, gera félaginu kleift að taka upp markvissara samstarf við önnur íþróttafélög á svæðinu, auka möguleika félagsins að þróa íþróttaviðburði, efla æskulýðsstarf og jaðariþróttir, m.a. í samvinnu við félagasamtök á svæðinu. Mikilvægt er að tryggja fjölbreytni í framboði íþróttagreina og á iðkunarfyrikomulagi. Keppnisformið þarf að vera til staðar en einnig þurfa þeir sem ekki sækjast eftir keppni að eiga möguleika á að mæta á æfingum og stunda íþróttir á „trimm“ forsendum.



3. Umf. Sindri hvetur deildir sínar til að uppfylla gæðaviðmið ÍSÍ fyrir fyrirmyndarfélög og starfa samkvæmt stefnuyfirlýsingum ÍSÍ um barna- og unglingastarf, menntun þjálfara og forvarnarstarf.
4. Umf. Sindri setur sér og uppfærir stefnur og starfsreglur um forvarnir, einelti, jafnrétti og lýðheilsu.
5. Framlag sveitarfélagsins vegna viðburða skal renna til þess að halda 17. júní hátíðlegan.
6. Íþrótt- og frístundaskóli - Umf. Sindri tekur að sér að annast rekstur íþrótt- og frístundaskóla fyrir börn á Hornafirði á aldrinum 5 - 10 ára að lágmarki 6 vikur á sumri á samningstímanum. Félaginu er heimilt að taka gjald fyrir skóladvöl. Stefnt skal að því að yfirmaður skólans sé 20 ára eða eldri og hafi menntun eða reynslu sem nýtist í starfi t.d. á sviði íþrótt, lista, kennslu eða tómstunda. Yfirmaður frístundaskóla skal þó aldrei vera yngri en 18 ára. Vinnuskóli Hornafjarðar útvegar aðstoðarmenn á aldrinum 15 - 18 ára eftir þörfum og samkomulagi.
7. Allur rekstur íþrótt- og frístundaskólans þ.m.t. starfsmannahald, tryggingar starfsmanna, samskipti við lögskipaðan eftirlitsaðila o.s.frv. er alfarið á kostnað og ábyrgð Umf. Sindra. Sveitarfélagið Hornafjörður skuldbindur sig til að útvega skólanum heppilegt húsnæði, sé þess óskað. Beiðni um húsnæði ásamt áætlun um fjölda nemenda, starfsáætlun skólans og skipulag skal sent fræðslustjóra til kynningar og samþykktar eigi síðar en 1. júní ár hvert.
8. Samningsaðilar eru sammála um að markmið íþrótt- og frístundaskóla sé að stuðla að heilbrigðri hreyfingu, hugsun og hvetja börn til að geta tjáð sig óhikað. Þar eigi öll börn að geta fundið eitthvað við sitt hæfi en um leið kynnst nýjum og spennandi hlutum.
9. Skólinn skal bjóða upp á fjölbreytta starfsemi sem höfðar til áhugasviðs sem flestra barna. Til slíkrar starfsemi telst m.a. almennar íþróttageinar og leikir, göngu- og hjólreiðaferðir, sundferðir, listasmíðjur, sveitaferðir, leikræn tjáning, menningarferðir og aðrir viðburðir sem auka þroska og víðsýni barna.
10. Sveitarfélaginu er heimilt að leita eftir vinnuframlagi af hálfu umf. Sindra t.d. á sviði hreinsunar, umhverfismála, hátíðarhalda og annarra verkefna sem til kunna að falla á hverjum tíma. Sérstakt samkomulag skal gert um greiðslur fyrir verkefni í hverju tilviki.
11. Umf. Sindra er heimilt að óska eftir sérstökum framlögum bæjarins í tilefni verkefna eða atburða sem teljast mega til nýbreytni í starfi félagsins.



VII. Gildistími og efndir

1. Víki félagið í verulegum atriðum frá lögbundinni stefnu sinni um öfluga og fjölbreytta íþróttastarfsemi fyrir alla aldurshópa, bæði með keppni og alhliða líkamsrækt að markmiði, eða missi stjórn á fjármálum sínum og innra skipulagi, er sveitarfélaginu heimilt að taka framlag sitt til félagsins til endurskoðunar, að undangenginni aðvörun til stjórnar.
2. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2015 – 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Hvor aðili um sig getur óskað skriflega eftir endurskoðun á samningnum innan þess tíma.
3. Ágreiningur sem rísa kann vegna samnings þessa, skal leystur með úrskurði bæjarráðs, eftir að fulltrúi umf. Sindra hefur fyrir hönd félagsins kynnt afstöðu félagsins fyrir nefndinni.
4. Samningur þessi leysir af eldri sambærilegan samning. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur hans eru 6 mánuðir.

VIII. Viðbótarákvæði gildir einungis fyrir rekstrarárið 2015

Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða beint fjárframlag til umf. Sindra í tengslum við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2016. Þetta verði gert að frumkvæði stjórnar umf. Sindra telji hún nauðsyn til þess, m.a. af þeim sökum að hækkaður tómskundastyrkur hafi ekki skilað félaginu fleiri iðkendum og þar með auknum tekjum eins og væntingar eru um. Stjórn umf. Sindra sendir bæjarstjóra erindi þessa efnis fyrir 15. september 2015.

Hornafirði, 27. janúar 2015

F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

F.h. Umf. Sindra

Björn Ingi Jónsson
bæjarstjóri

Ásgrímur Ingólfsson
formaður stjórnar umf. Sindra

Vottar :